



Neyðarástand í umönnun á þýskum sjúkrahúsum.



innanbúðarfrásögn þýsks sjúkraliða

Sjúkraliði með 43 ára starfsreynslu sendi umkvörtun sína inn til Kla.TV. Um er að ræða neyðaróp til stjórnenda um sjúkra-umönnun í þýskum sjúkrahúsum. Hann skrifar: „Það er kominn tími til að ráðherrar verði „ministers“, m.ö.o. þjónar fólksins og bregðist við, og stýri ekki lengur framhjá þjóðinni!“ En heyrið nú sjálf í honum.

Sjúkraliði með 43 ára starfsreynslu sendi umkvörtun sína inn til Kla.TV. Um er að ræða neyðaróp til stjórnenda um sjúkra-umönnun í þýskum sjúkrahúsum. Hann skrifar: „Það er kominn tími til að ráðherrar verði „ministers“, m.ö.o. þjónar fólksins og bregðist við, og stýri ekki lengur framhjá þjóðinni!“ En heyrið nú sjálf í honum.

Pulur:

„Rétt við kulnunarmörk fékk ég - að loknu 43 ára starfi og eftir aðra tilraun – leyfi til að taka mína fyrstu hvíldarinnlögn. Á meðan ég undirbjó mig undir hana skrifaði ég lista sem helst líktist minnispunktum um allt það sem veldur mér hugarangri á hefðbundnum vinnudegi. Eftirfarandi tók ég saman til stjórnar heilsuhælisins“:

Kæru stjórnendur!

... Á grundvelli meira en sjö ára reynslu minnar sem ég hef viðað að mér hjá tveim mismunandi starfsmannþjónustum við 14 norður-þýsk sjúkrahús, vil ég benda ykkur á félagslegar – þá meina ég kerfistengdar – orsakir veikinda. Leyfið mér að benda á eftirfarandi þætti sem kvelja mig á hefðbundnum umönnunardegi – og þrátt fyrir að hafa loksins öðlast hvíldarinnlögn – er ég frekar vonlaus með áframhaldið að henni lokinni. Sjúklingarnir verða sífellt eldri. Á sjúkradeildinni þar sem ég vinn nú eru 34 pláss og þar var nýlega meðalaldurinn 89 ár! Það sem gerir allt erfiðara er að sjúklingarnir eru sífellt heilaskaðaðri og í meiri yfirvigt. Að þessum völdum eru starfsmennirnir sífellt oftar veikir og yfirgefa deildina. Afleiðing þess er að álaginu er deilt á hina starfsmennina þannig að einn starfsmaður þarf nú að sjá um allt að 16 sjúklinga. Þetta dregur síðan úr gæðum umönnunarinnar og starfsandinn versnar. En þar með er ekki allt upptalið: Hlutastarfsmenn og erlendir samstarfsmenn reyna að vísu sitt besta en komast í æ ríkara mæli að eigin þolmörkum. ...

Ég hef farið á fætur 03:45 á nóttinni í yfir 20 ár . Ég þarf að keyra allt að því eina klst. á deildina mína og kem úrvinda heim. Þrátt fyrir vakta- og helgarvinnu fæ ég að loknum 45 ára starfsferli 1000 evrur í eftirlaun (tæp 140 þús. á gengi upptökudags).

Í samantekt er samfélagið okkar sjúkt! Sjúkrahúsin okkar og þessi lýsing á hefðbundnum sjúkradegi gefur okkur ófegraða mynd; yfirfull sjúkrahús, vararúm á göngunum þar sem drukknir sjúklingar eru öskrandi og með stjórnlaus þvaglát; aðstandendur sem missa þolinmæðina; sjúklingar bíða allt að 5 klst. í smithættu á biðstofu eftir að komast til læknis; enn aðrir sem fá snögglega krampaflog á göngunum; aðrir sjúklingar liggjandi í reiðileysi með orma og inngrafna efnisbúta í húðinni – komu aðfluttir með slökkviliðsbíl ...

En það er enginn sem vill virkilega hlusta. Þvert á móti! Það sem áhuga vekur eru tölurnar! Stjórnandi leguplássins ákveður að skurð-sjúklingar fari á deild fyrir innri lækningar og sjúklingarnir á deild innri-lækninga fari hvert þangað sem laust rúm er að fá undir þaki hússins. Í neyðartilvikum þarf vakthafandi læknir að útskrifa sjúklinga um miðja nótt. Eftir öll þessi erfiðu ár sem fara sífellt versnandi, vekja þessir atburðir í mér þá ósk að ég þurfi aldrei

að vera innlagður inn á slíka „sjúka heilbrigðisstofnun“. Þrátt fyrir er ég þakklátur að mega fá að yfirgefa þessa vinnumartröð í fjórar vikur og ég þakka ykkur fyrir allt erfiðið sem vera mín hérna hefur kostað ykkur. Virðingarfyllst XXX

Í hvíldarfríinu mínu sýndi enginn þessu bréfi mínu neinn áhuga. Bara var hægt að svara spurningum uppsettum í Excel. Einhverneigin hafði ég það á tilfinningunni að hafa verið skilinn eftir, að enginn vildi raunverulega ræða þetta.

Að hvíldarinnlögninni lokinni hófst vinnan á sjúkrahúsinu að nýju. En nú snérist tívolíhjólið ögn hraðar. Í mars 2019 þurfti ég að þjóna 6 mismunandi stofnunum og skipti 12 sinnum um sjúkrastöðvar. Í apríl upplifði ég enn á ný stigmögnun þess sem ég hafði áður upplifað. Aftur var bara 1 menntaður starfsmaður með mér á skurðstofunni. Sjúklingar nýbúnir í aðgerð lágu þjáðir af sársauka á ganginum og því pirraðir, hjálparvana og var ástandið um megn – rétt eins og okkur. Af því að sjúklingarnir lágu á ganginum, sem er óleyfilegt bæði út frá heilsu- og heilbrigðissjónarmiðum, hvað þá brunavarnarsjónarmiðum, þurftum við að ýta sjúkrarúmi inn á frekar sjoppulega starfmannaaðstöðuna svo hægt væri að undirbúa sjúkling þar undir skurðaðgerð. Hver hafði áhuga á þessu? Enginn!

Úr póstkassanum með áletruninni „Skoðun þín er okkur mikilvæg“, sem þeir festu á vegginn, flæðir út af gömlum og ósöttum athugasemdum. Það er synd og skömm hvernig komið er fyrir Þýskalandi! Aldrei hafa læknisfræðileg áhöld verið jafn þróuð, aldrei verið jafn mikið til að lyfjum né eins dýrum, inngripsmöguleikarnir með skurðaðgerð aldrei verið jafn margir né auglýsingarnar jafn fjölbreyttar og litríkar! En andstætt þessu gætu heilsugæslustöðvarnar sem lýst er hér að ofan, ekki verið meira lítilsvirðandi í garð fólks og starfsfólks. Heldur reiða þeir sig á nýbyggingar fylltar hátækniúnaði og samþættri gervigreind, en mannlega greindin virðist hafa glatast!

Hið eiginlega áhugasvið viðskiptamódelisins „sjúkrahúss“ virðast vera tölur en ekki manneskjur. Það eru bara leið að markmiði! Fólkið virðist ekki standa lengur í miðpunkti eins og hvívetna er svo „frómt“ haldið fram, heldur góð fjárhagsleg staða. Ef sjúklingurinn getur sýnt fram á hana, bíður hans sérherbergi með nettengingu, ískápi og rúmgóðri salernisaðstöðu. Geti hann ekki sýnt fram á styrkan fjárhag eins og fæstir sjúklingar geta, fær hann í besta falli rúm í þriggja til fjögurra manna herbergi og fær þar að standa við vaskinn úti horni. Starfsfólki er fækkað vegna hagræðingar, það hunsað, því skipt út eða það tilkynnir sig veikt vegna yfirálags. Starfstéttin „umönnun“ er skilin ein eftir. Stofnun samtaka umönnunarfólks er brandari og er eingöngu til þess að fullnægja regluverki ríkisins. Því ólíkt læknasamtökunum þá hafa þau engan tillögurétt í kjarasamningum.

Með þessari umfjöllun minni um neyðarástand í umönnunarmálum innan þýskra sjúkrahúsa vil ég að lokum koma með persónulegt mat:

Framfarir og staða sérhvers samfélags er mæld út frá líðan hinna veikburða innan þess. Sú staða sem samfélagið hefur náð í dag er það lægsta sem ég hef upplifað á síðustu 40 árum! Og enn vandræðalegra er það þegar ríkistjórn okkar er svo stolt af 70 ára afmæli þýsku stjórnaskrárinnar. Hvílíkt öfugmæli er það að: „Mannvirðingin [sé] friðhelg.“ Ekkert nema uppblásin, innantóm orð! Hvernig raunveruleikinn er, hvernig þeim veikburða – þar með þeim fjárhagslega veikburða - líður í þýskum sjúkrahúsum getið þið þið skilið út frá sorglegum lýsingum mínum. Hvorki er aðbúnaður fyrir starfsfólk á vinnustað „mannsæmandi“ né aðstæður sjúklinganna. Svo lengi sem velferð sjúklinga er gerð að tilfellisviðmiði, læknismeðferð að efnahagsrekstri, og stjórnámálamein og hagsmunaaðilar sitja sömu megin við borðið, skal engan að undra að mannvirðing standi eftir sem innantóm orð. Haltu þér heilbrigðum !

eftir -

Heimildir:

-

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíastæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.